

## ÁRSSKÝRSLA

Körfuknattleikssambands Íslands

1973 - 1974

### Stjórn:

Á 13. ársþingi Körfuknattleikssambands Íslands voru eftir-taldir kosnir í stjórn sambandsins:

Einar Bollason, formaður  
Arnaldur Árnason  
Sigurður V. Halldórsson  
Helgi Hólm  
Gylfi Kristjánsson

### Varamenn:

Hörður Túlinius  
Helgi Helgason

### Verkaskipting:

Á fyrsta fundi hinnar nýkjörnu stjórnar, skiptu stjórnarmenn með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Einar Bollason, formaður  
Arnaldur Árnason, gjaldkeri  
Sigurður V. Halldórsson, ritari  
Helgi Hólm, meðstjórnandi  
Gylfi Kristjánsson, varafirmaður

### Eftirtaldar nefndir störfuðu á árinu:

### Dómaranefnd:

Jón Otti Ólafsson, formaður  
Kristbjörn Albertsson

Mótanefnd:

Gunnar Gunnarsson, formaður  
Viðar Ólafsson  
Guðni Kolbeinsson  
Pórir Magnússon  
Tryggvi Jóhannsson  
Birkir Þorkelsson  
Gunnar Þorvarðarson  
Simon Ólafsson

Landsliðsnefnd kvenna:

Einar Ólafsson, formaður  
Guttormur Ólafsson  
Guðrún Ólafsdóttir

Unglingalandsliðsnefnd:

Kristinn Stefánsson, formaður  
Gunnar Gunnarsson  
Einar Bollason

Minni-bolta nefnd:

Bogi Þorsteinsson, formaður  
Jóhannes Eðvaldsson  
Guðni Kjartansson  
Kolbeinn Pálsson

Laga- og leikreglnanefnd:

Steinn Sveinsson, formaður  
Bjarni Gunnar Sveinsson

Útbreiðslunefnd:

Erlingur Karlsson, formaður  
Rúner Sigurðsson

Landsliðsnefnd:

Gylfi Kristjánsson

Stjórnarstörf:

Alls voru haldnir 29 bókaðir stjórnarfundir á tímabili fráfarandi stjórnar, þar sem stjórnarmenn komu saman til að vinna að ákveðnum verkefnum.

Helstu verkefni stjórnarinnar voru:

1. Heimsókn Luther College.
2. Undirbúningur fyrir Polar Cup.
3. Íslandsmótið 1974.
4. Bikarkeppnin 1974.
5. Sendiherrabikarkeppnin.
6. Landshappdrætti K.K.Í.
7. Innheimta útistandandi skulda.
8. Bréfaskriftir vegna fyrirhugaðra landsleikja.
9. Koma þjálfaranna Harshman's og Rankev.
10. Formannafundur K.K.Í.

Heimsókn Luther College:

Um síðastliðin áramót kom hingað til lands körfuknattleikslið frá Luther College í Iowa. Liðið kom hingað til lands 27. des. og dvaldi hér til 8. janúar. Liðið lék hér alls 8 leiki, tvívegis á Keflavíkurflugvelli við úrvalsliðið þar, á Akureyri gegn Þór, við nýbakaða Reykjavíkurmeistara K.R., tvívegis gegn Úrvali K.K.Í., auk þess sem liðið tók þátt í fjögurra liða keppni. Þátttökulið í þeirri keppni voru auk Luther, A og B lið K.K.Í. og Úrval af Keflavíkurflugvelli.

Luther College sigraði í þessari keppni, vann A lið K.K.Í. í úrslitaleik, og því má bæta hér við að liðið fór héðan ósigrar.

Allir sem til pekkja, munu sammála um það, að heimsókn þessa liðs hingað til lands hafi verið mjög lærðómsrík fyrir okkur. Ekki aðeins var hér á ferðinni mjög gott körfuboltalið, heldur var og mjög ánægjulegt að fá á ný hingað til lands hinn frábæra þjálfara og persónuleika Kent Finanger. Hann hélt með liði sínu æfingu

í K.R.-heimilinu þar sem mætti voru margir af þjálfurum ísl. liða auk margra ungra körfuknattleiksmanna. Er óhætt að fullyrða að þessi opna æfing var einn af hápunktum heimsóknar Luther College hingað til lands.

Kent Finanger þekkja allir áhugamenn um körfubolta hér á landi. Hann var sá maður, sem átti frumkvæðið að ferð ísl. úrvals-liðsins til U.S.A. á s.l. hausti, og hefur hann á allann hátt hvenær sem er verið tilbúinn að gera allt fyrir körfuknattleik á Íslandi.

Til þess að sýna Kent Finanger það að við kunnum að meta hans mikla framlag til eflingar körfuknattleiks á Íslandi, sýndi stjórn K.K.I. þann vináttuvott til hans í lokahófi ferðar Luther College hér á landi að sáma hann Gullmerki K.K.I.

Munu fáir draga í efa að hann er vel að því kominn, og körfuknattleikurinn hjá okkur hefur eflst af kynnum við hann.

Stjórn K.K.I. vill sérstaklega færa Denis Goodman þakkir fyrir hans mikla hlut í sambandi við móttöku liðsins.

#### Polar Cup 1974:

Pólær Cup var að þessu sinni haldið í Finnlandi, og fór keppnin fram dagana 27.-29. jan. s.l. Keppendur Íslands voru:

Kolbeinn Pálsson	K.R.	Fyrirliði
Kristinn Jörundsson	I.R.	
Jón Sigurðsson	Armanni	
Kolbeinn Kristinsson	I.R.	
Pórir Magnússon	Val	
Gunnar Þorvarðarson	U.M.F.N.	
Jóhannes Magnússon	Val	
Agnar Friðriksson	I.R.	
Bjarni Gunnar	I.S.	
Torfi Magnússon	Val	
Birgir Guðbjörnsson	K.R.	
Þorsteinn Hallgrímsson	S.I.S.U.	

Þeir Kolbeinn K., Gunnar, Jóhannes, Bjarni, Birgir og Torfi léku allir í fyrsta skipti í Landsliði.

Þjálfari: Einar Bollason  
Fararstjóri; Arnaldur Árnason  
Liðsstjóri: Gylfi Kristjánsson

Úrslit leikja Íslands:

Ísland :	Svíþjóð	68	:	101
Ísland :	Finnland	65	:	97
Ísland :	Noregur	79	:	70

Danir tóku ekki pátt í mótinu og voru með því að mótmæla tímasetningu þess. ~ Um árangur ísl. liðsins er það að segja, að hann má telja síðan á þessu stigi mélsins, og baráttuandi og samheldni liðsins var til fyrirmynadar. Það er ekki hægt að búast við betri árangri meðan ekki eru leiknir Landsleikir nema á tveggja ára fresti. Einnig átti sér nú stað í liðinu mesta endurnýjun síðan 1964, og var holmingur leikmanna nýliðar.

Leikurinn gegn Svíþjóð var jafn framan af, en upp úr miðjum f. h. tók að síga á ógæfuhlið hjá okkur. Var það ekki hvað síst af tveim ástæðum. Norski dómarinn sem dæmdi leikinn ásamt finnskum dómara, var okkur vægést sagt mjög óhagstæður, en það er einmitt sami dómarinn sem dæmdi leik Íslands og Svíþjóðar í Polar Cup 1972. Þá var hann slæmur í okkar gærð, en verri var hann að þessu sinni. Eftir leikinn bárum við fram þá ósk að hann myndi ekki dæma leik Íslands gegn Finnlandi daginn eftir, en við peirri ósk okkar var ekki hægt að verða vegna fjarveru Dana. Hin stóra ástæðan fyrir stórtapi okkar gegn Svíum var sú að fjórir af leikmönnum liðs okkar meiddust í leiknum, þar af einn svo alvarlega að hann gat ekki leikið meira í keppninni, Þetta er ekki sett hér fram til þess að gefa alhliða skýringar á tapi okkar, en þessir liðir hjálpuðu okkur ekki - svo mikið er vist.

Í leiknum gegn Finnum daginn eftir náði ísl. liðið frábærum leik í fyrri hálfleik, og leiddi eftir hann með 48:45. En Finnar áttu svar sem við gátum ekki séð við. 5 leikmönnum sem eru yfir 2m á hæð var stefnt til leiks í upphafi s.h. gegn okkur, og við gátum ekki komið í veg fyrir það sem skeði á "hæðinni fyrir ofan okkur" í síðari hálfleik.

Svo kom leikurinn gegn Noregi, og þann leik unnum við nokkuð auðveldlega, ísl. liðið var greinilega mun betra en það norska og margir söknuðu þess að fá ekki tækifæri á að mæta Dönum í þessari ferð og gera upp sakir okkar við þá.

Það er greinilegt, að tvö atriði há okkur mjög er við göngum til Landsleikja. Hið fyrra er það, að okkur vantar tilfinnanlega stærri miðherja. Við höfðum í fullu té við Finna á öllum sviðum (þeirra sterkasta lið) þar til þeir settu "risana" alla inn á í einu. Þess má geta hér að okkar stærsti leikmaður "skartaði" með sömu hæð og meðalhæð sánska liðsins var, og Finnar voru í sama flokki og Sviar.

Hitt er svo, að ekki hefur verið um nein verkefni að ræða fyrir Landsliðið á undanförnum árum, nema Polar Cup á tveggja ára fresti. Á sama tíma leika andstæðingar okkar á Polar Cup tugi landsleikja ár hvert. Stjórn K.K.Í. hefur nú eins og kunnugt er stigið fyrsta skrefið í þá átt að bæta allverulega úr þessu, og vísast til áætlunar um verkefni Landsliðsins hér á eftir í því sambandi.

#### Íslandsmótið:

Sem kunnugt er hefur Mótanefnd undir forystu Gunnars Gunnarssonar séð um daglega framkvæmd Íslandsmótsins í vetur. Voru þetta mikil viðbrigði fyrir stjórn K.K.Í., sem hefur á undanförnum árum eytt meginröftum sínum í framkvæmd mótsins.

Stjórn K.K.Í. fagnar þeirri fjölgun þáttakenda sem átti sér stað í mótinu, og sérstök ástæða er til að fagna því að lið frá Austfjörðum eru nú komin til keppni í Íslandsmótinu. Þar með hefur körfuknettaleikurinn þáttakendur frá öllum landshlutum og greinilegt er að íþróttin er í mikilli sókn. Stjórn K.K.Í. þakkar Mótanefnd sérstaklega fyrir vel unnin störf.

Pá vill stjórn K.K.Í. þakka Dómaranefnd fyrir mikið og gott starf, sem og öllum þeim er lögðu hönd að því að gera framkvæmd mótsins eins góða og raun bar vitni.

Að öðru leiti vísast til skýrslu Mótanefndar.

Bikarkeppnin:

Samkvæmt samþykkt síðasta Ársþings K.K.Í. var tilhögun Bikarkeppninnar með talsvert öðrum hætti nú en áður. Keppnin hófst um miðjan marz, og lauk með úrslitaleik hinn 16. apríl. Féll keppnin þennig inn í aðalkeppnistímabil okkar, og úrslitaleikurinn var einn af hápunktum keppnistímabilsins. Óhætt er að fullyrða að þetta fyrirkomulag er langtum hagkvæmara á allan hátt, og til þess fallið að stórefla áhuga almennings á keppninni.

Úrslit leikja í keppninni urðu sem hér segir:

<u>1. umferð:</u>	U.M.F.G.:Haukar	77:68
	U.M.F.N.:Snæfell	85:61
	K.R.:Fram	69:46
	I.R.:I.S.	108:87

<u>2. umferð:</u>	U.M.F.N.:U.M.F.S.
	U.M.F.G.:Armann
	K.R.:H.S.K.
	I.R.:Valur

<u>Undanúrslit:</u>	K.R.:Armann	77:69
	Valur:U.M.F.N.	86:81

<u>Úrslit:</u>	K.R.:Valur
	Bikarmeistari 1974: K.R.

Sendiherrakeppnin:

Hin árlega keppni um Sendiherrabikarinn fór fram í marz og apríl, og voru að venju leiknir fimm leikir. Körfuknattleiksráð Reykjavíkur fól K.K.Í. að annast okkar þátt í þessari keppni. Þ.e. að annast two heimaleiki, og sjá um að velja liðið.

K.K.Í. varð fúslega við þessari beiðni, og var teftt fram af okkar hálfu mjög ungum leikmönnum í þessari keppni. Voru flestir af okkar bestu leikmönnum látnir hvíla sig að þessu sinni, en voru þó sumir hverjir kallaðir til lokaátakanna.

Leikirnir voru fimm eins og áður sagði. Fyrsta leikinn sem leikinn var á Keflavíkurflugvelli vann Varnarliðið, annan leikinn vann ísl. liðið með yfirburðum, þann þriðja vann VL, en ísl. liðið átti síðasta orðið og vann tvo síðustu leikina, og sigurlaunin, hinn fagri Sendiherrabikar féll því enn einu sinni í okkar hlut.

#### Landshappdrætti K.K.Í.:

Vegna þeirra mörgu verkefna sem framundan eru ákvað stjórn K.K.Í. að efna til Landshappdrættis. Málið kom fyrst til umræðu hjá stjórninni í feb. s.l. og á Formannafundi í marz var byrjað að afhenda miða til sölu. Sölulaun voru ákveðin 40 kr. fyrir hvern seldan miða til viðkomandi félags. Þannig var þetta um leið hugsað sem tekjumöguleiki fyrir félögin.

Skemmt er frá því að segja, að undirtektir voru góðar, en síðan hefur komið í ljós að félögin hafa staðið sig afar mismunandi vel. Hafa sum stærri félögin ekki sinnt þessu máli sem skildi, en minni félögin sum hver hafa staðið sig vel.

Vegna þess hve seint gekk hjá félögunum að selja og gera skil á miðum sínum, var drætti frestað til 14. júní.

Það er von stjórnarinnar, að þetta Landshappdrætti geti í framtíðinni orðið fastur liður hvert ár og þannig orðið til að hjálpa félögunum og K.K.Í. fjárhagslega.

#### Innheimta útistandandi skulda:

Síðasta Ársþing K.K.Í. skoraði á stjórnina að ganga fræm í því af mikilli hörku að innheimta útistandandi skuldir. Skuldirnar voru mjög margar, mismunandi háar. Eins og sjást mun af reikningum gjaldkera var mikið átak unnið á því sviði, og kvörtuðu margir undan hörku gjaldkera, sem einnig hefur höggið stórt skarð í skuldir sambandsins.

Koma þjálfaranna Harsman's og Ranken.

Ákveðið er, að í lok júlí komi hingað til lands tveir kunnir bandarískir þjálfarar. Munu þeir dvelja hér á landi í two daga, og þjálfa ísl. körfuknattleiksmenn. Þessir menn eru mjög þekktir sem þjálfarar, og óhætt að vindu miklar vonir við komu þeirra. Vonandi njóta sem flestir kunnáttu þeirra.

Stjórn K.K.Í. þakkar Denis Goodman framlag hans til þessa máls.

Formannafundur K.K.Í.:

Formannafundur var haldinn að Hótel Loftleiðum hinn 17. mars s.l. Formenn allra körfuknattleiksdeilda á landinu voru boðaðir til fundarins, svo og formenn allra nefnda K.K.Í.

Það er ætlun stjórnarinnar að Formannafundur K.K.Í. verði árviss atburður hér eftir, enda kjörinn vettvangur fyrir menn að hittast og skiptast á skoðunum. - Að öðru leiti vísast til fundargerðar frá Formannafundinum sem fylgir hér með.

Skýrslur nefnda:

Skýrsla Mótanefndar:

Mótanefnd var skipuð í byrjun september s.l. og tilnefndir í hana eftirtaldir aðilar frá 1. deildar liðunum:

Frá Ármanni	Símon Ólafsson
Frá I.R.	Viðar Ólafsson
Frá I.S.	Guðni Kolbeinsson
Frá H.S.K.	Birkir Porkelsson
Frá K.R.	Gunnar Gunnarsson
Frá U.M.F.N.	Gunnar Þorvarðarson
Frá U.M.F.S.	Tryggvi Jóhannsson
Frá Val	Pórir Magnússon

Nefndin hélt 6 fundi, þar af 4 meðan niðurröðun leikja stóð yfir. Fundir nefndarinnar voru ekki bókaðir.

Upphæflega tilkynntu þáttöku sína í Íslandsmótið 86 flokkar frá 29 félögum, en þátttaka 10 flokka var síðan dregin til baka, flestra eftir að mótt var hafið.

Íslandsmótið 1974 hófst 3. nóvember, og átti því að ljúka samkvæmt Mótaskrá 20. apríl, en því miður tókst það ekki þar sem úrslitaleikjum í tveim flokkum er ólokið, í M.fl. kvenna, og 2. fl. karla.

Niðurröðun leikja í byrjun náði yfir 193 leiki, en alls féllu niður 22 leikir og 2 leikjum er ólokið, en við þennan leikjafjölda bættust við 4 leikir. 3 í úrslitum 3. fl. karla, og aukaleikur í 1. deild. Samtals stig skoruð í mótinu eru 19.173.

Nánari sundurliðun lítur þannig út:

Nið.rað.	Auka Ólok.	Ekki Samt.	Stig	Sigurv.
leikir	leik.	mætt leik.	skor.	

M. fl. 1. deild	56	1	57	9490	K.R.
M. fl. 2. deild	30		3	3319	Snaefell
M. fl. 3. deild	26		20	2262	Fram
1. fl. karla	10		3	801	K.R.
2. fl. karla	10	1	1	723	
3. fl. karla	24	3	5	1320	I.R.
4. fl. karla			1	674	Fram
M. fl. kvenna	10	1	9	488	
2. fl. kvenna	3		3	96	K.R.
	193	4	2	173	19173

9 leikir voru ekki leiknir.

#### Úrslit:

<u>1. deild:</u>	Valur:H.S.K.	93:83
	I.S.:U.M.F.S.	83:72
	U.M.F.N.:Ármanн	78:81
	U.M.F.S.:I.R.	64:102
	K.R.:I.S.	94:70
	Valur:U.M.F.N.	94:84

K.R.:H.S.K.	78:64
I.S.:I.R.	85:78
Valur:K.R.	81:90
U.M.F.S.:H.S.K.	52:71
U.M.F.N.:I.S.	72:70
Valur:U.M.F.S.	96:65
H.S.K.:I.R.	78:84
U.M.F.S.:Armann	69:78
U.M.F.N.:K.R.	66:87
Armann:H.S.K.	81:85
I.S.:Valur	84:106
I.R.:U.M.F.N.	92:91
Valur:Armann	80:75
I.R.:Armann	84:87
H.S.K.:U.M.F.N.	70:75
Armann:H.S.K.	92:73
Valur:I.R.	83:102
U.M.F.N.:U.M.F.S.	69:48
I.R.:K.R.	85:82
Armann: I.S.	95:78
K.R.:U.M.F.S.	94:79
I.S.:H.S.K.	84:68
H.S.K.:Valur	91:100
U.M.F.S.:I.S.	67:92
Armann:U.M.F.N.	99:81
I.R.:U.M.F.S.	109:69
I.S.:K.R.	97:90
U.M.F.N.:Valur	68:108
H.S.K.:K.R.	76:114
I.R.:I.S.	93:103
K.R.:Valur	84:77
H.S.K.:U.M.F.S.	81:63
I.S.:U.M.F.N.	107:89
U.M.F.S.:Valur	59:78
I.R.:H.S.K.	89:83
Armann:U.M.F.S.	92:60
K.R.:U.M.F.N.	85:61

K.R.:Armann	100:104
Valur:Í.S.	84:89
U.M.F.N.:Í.R.	66:84
Armann:Valur	96:80
Armann:Í.R.	81:91
U.M.F.N.:H.S.K.	74:87
H.S.K.:Armann	71:79
Í.R.:Valur	85:93
U.M.F.S.:U.M.F.N.	70:100
K.R.:Í.R.	91:89
Í.S.:Armann	87:88
U.M.F.S.:K.R.	65:128
H.S.K.:Í.S.	83:92

Staðan eftir tvær umferðir:

1.	KR	14	11	3	1302:1095	22 stig
2.	Armann	14	11	3	1228:1117	22 stig
3.	ÍR	14	9	5	1267:1156	18 stig
4.	Valur	14	9	5	1249:1154	18 stig
5.	ÍS	14	9	5	1221:1179	18 stig
6.	UMFN	14	4	10	1074:1182	8 stig
7.	HSK	14	3	11	1078:1169	6 stig
8.	UMFS	14	0	14	902:1269	0 stig

Aukaleik þurfti um Íslandsmeistaratitilinn milli K.R. og Armanns. Í þeim leik sigraði K.R. með 85:84.

ÍSLANDSMEISTARI 1974: K.R.

U.M.F.S., Borgarnesi leikur í 2. deild í Isl.móti 1975.

Meistaraflokkur karla 2. deild:

ÍMA:UBK	58:51
Pór:UBK	83:34
Haukar:UMFG	49:46
ÍMA:Pór	58:65
UMFG:UBK	60:31

Haukar:UBK	91:49
UMFG:Pór	54:70
Pór:Haukar	88:49
ÍMA:Haukar	57:42
Snæfell:Haukar	94:52
ÍMA:UMFG	64:42
ÍMA:Snæfell	47:57
Pór:Snæfell	44:51
UBK:Snæfell	67:86
UMFG:Snæfell	42:64
UBK:ÍMA	52:68
UBK:Pór	2:0
UMFG:Haukar	65:55
Pór:ÍMA	66:50
UBK:UMFG	61:73
UBK:Haukar	0:2
Pór:UMFG	54:48
Haukar:Pór	78:84
Haukar:ÍMA	74:63
Haukar:Snæfell	60:84
UMFG:ÍMA	2:0
Snæfell:ÍMA	92:56
Snæfell:Pór	50:49
Snæfell:UBK	74:48
Snæfell:UMFG	99:65

Lokastaðan:

1.	Snæfell	10	10	0	751:530	20 stig
2.	Pór	10	7	3	603:474	14 stig
3.	Í.M.A.	10	4	6	521:543	8 stig
4.	UMFG	10	4	6	497:547	8 stig
5.	Haukar	10	4	6	552:630	8 stig
6.	UBK	10	1	9	395:595	2 stig

Sigurvegari í M. fl. karla 2. deild: SNAEFELL, og leikur í 1. deild í Íslandsmótinu 1975.

U.B.K., Kópavogi leikur í 3 deild í Íslandsmótinu 1975.

Meistaraflokkur karla: 3 deild:

A-riðill:

ÍK-Fræm	56:57	Fram-ÍK	70:51
Fram-Grótta	81:50	Grótta-Fram	35:77
ÍK-Grótta	X	Grótta-ÍK	42:52

B-riðill:

KA-USVH	76:24	USVH-KA	X
Tindastóll-KA	38:68	KA-Tindastóll	X
USVH-Tindastóll	X	Tindastóll-USVH	X

C-riðill:

KFÍ-Hörður	62:54	Hörður-KFÍ	X
------------	-------	------------	---

D-riðill:

Austri-Höttur	54:46	Leiknir-Eiðaskóli	71:54
Leiknir-Höttur	56:30	Eiðaskóli-Höttur	42:21
Austri-Eiðaskóli	43:44	Austri-Leiknir	48:50

Úrslit:

Fræm-Leiknir	80:47	KA-KFÍ	52:59
Leiknir-KFÍ	57:91	Fram-KA	88:59
Leiknir-KA	67:62	Fram-KFÍ	76:72

Sigurvegari í Mfl. karla 3 deild: FRAM, leikur í 2. deild í Íslandsmótinu 1975.

1. flokkur karla:

UMFS-KR	0:2
Valur-Ármann	65:53
UMFS-ÍR	32:75
KR-Valur	65:37

Ármanн-KR	39:55
KR-ÍR	74:50
Valur-UMFS	2:0
ÍR-Ármanн	54:56
Valur-ÍR	58:82
Ármanн-UMFS	2:0

Úrslit:

1.	KR	4	4	0	196:126	8 stig
2.	Ármanн	4	2	2	150:174	4 stig
3.	Valur	4	2	2	162:200	4 stig
4.	ÍR	4	2	2	261:220	4 stig
5.	UMFS	4	0	4	32:81	0 stig

Íslandsmeistari í 1. flokki karla: K.R.

2. flokkur karla:

A-riðill:

ÍR-Fram	58:51
ÍR-KR	51:52
Fram-KR	44:45

B-riðill:

ÍK-Valur	40:74
ÍK-Ármanн	45:56
ÍK-UBK	2:0
Ármanн-Valur	45:51 x
UBK-Valur	x
Ármanн-UBK	76:33

x: liggur fyrir kæra.

Úrslit: K.R.-Ármanн/Valur (ólokið).

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar dró pátttöku sína til baka.

3. flokkur karla:

A-riðill:

KR-Fram	22:29
KR-Snæfell	2:0
Fram-Snæfell	2:0
KR-UMFS	0:2
Snæfell-Armann	0:2
Armann-KR	2:0
Armann-UMFS	21:40
Armann-Fram	22:35
Fram-UMFS	46:30
UMFS-Snæfell	X

B-riðill:

ÍK-ÍR	31:44
Haukar-ÍR	19:26
Valur-Í.R	19:33
Haukar-Valur	33:36
ÍK-Haukar	36:22
ÍK-Valur	37:41

C-riðill:

Hörður-KFI 31:36

D-riðill:

Tindastóll-KA 16:11

Úrslit:

ÍR-Tindastóll	31:25
Fram-KFI	19:20
Fram-Tindastóll	56:28
KFI-ÍR	31:33
KFI-Tindastóll	32:20
Fram-ÍR	30:29

Fram-ÍR	33:39
ÍR-KFI	31:30
Fram-KFI	34:23

Íslandsmeistari í 3. fl. karla: Í.R.

4. flokkur karla:

A-riðill:

UMFN-UBK	2:0
UMFS-Haukar	7:26
UMFN-UMFS	23:13
Haukar-UBK	16:35
Haukar-UMFN	12:18
UMFS-UBK	8:20

B-riðill:

ÍR-KR	11:7
Fram-Valur	22:10
ÍR-Valur	22:8
Fram-ÍR	24:21
Armann-Fram	4:23
KR-Valur	16:6
Armann-Valur	2:10
Armann-KR	6:25
Armann-ÍR	12:46
Fram-KR	16:7

C-riðill:

Hörður-KFÍ	22:17
------------	-------

D-riðill:

Tindastóll-KA	6:8
---------------	-----

Úrslit:

KA-UMFN	10:15
KA-Fram	4:24
Fram-UMFN	18:7
Fram-Hörður	18:17
UMFN-Hörður	18:12
Hörður-KA	X

Íslandsmeistari í 4. fl. karla: FRAM.

Meistaraflokkur kvenna:

UMFS-Pór	15:50
KR-Pór	25:26
Pór-IS	32:22
KR-UMFS	40:6
IS-UMFS	26:20
ÍR-KR	(Ólokið)
IS-KR	25:24

ÍR-Pór	31:20
ÍR-ÍS	39:30
ÍR-UMFS	38:19

2. flokkur kvenna:

Hörður-KR	12:13
Hörður-Fram	23:20
KR-Fram	15:13

Lokastaðan:

1.	KR	2	2	0	28:25	4 stig
2.	Hörður	2	1	1	35:33	2 stig
3.	Fram	2	0	2	33:38	0 stig

Sigurvegari í 2. fl. kvenna: K.R.

Við framkvæmd mótsins étti Mótanefnd við ýmis vandkvæði að etja, og voru helst frestaðir leikir, umsjón félaga, leikir úti á landi og tilhliðrun leikja.

Frestaðir leikir urðu alls 21 í mótinu, eða nærri 8. hver leikur, og öllum þessum leikjum varð að finna stað í annast mjög béttri leikskrá. Þykir sýnt, að framvegis verði að gera ráð fyrir þessu með lausum leikdögum með vissu millibili í mótum.

Átta félög brugðust umsjónarskyldu sinni í mótinu, og er ekki hægt annað en brýna það enn einu sinni fyrir mönnum að slikt komi ekki fyrir í fremtiðinni.

Mótanefnd tók þá stefnu við niðurröðun leikja utan Reykjavíkursvæðissins að fela þeim keppnisaðilum innan sama keppnis-svæðis að semja sín á milli um leikdaga og í sumum tilfellum um keppnisstað. Petta fyrirkomulag tókst ekki vel, og verður næsta Mótanefnd að íhuga þetta atriði vel.

Ennfremur ákvað Mótanefnd í haust að sýna fyllsta tillit til félaga sem ættu í tímabundnum erfiðoleikum, Petta átti eftir að hafa slæm áhrif á ýmsa aðila, og verður að teljast óeðlilegt að eitt félag sé tekið fram yfir annað í þessu sambandi. Félög sem senda inn páttökubeiðnir í Íslandsmót hljóta að verða að

standa við þær skyldur og þær kvaðir sem því fylgja, og hlýta niðurröðun Mótanefndar í hvívetna.

En sé litið framhjá öllum vandræðum, þá hafði þetta Íslandsmót vissulega sínar björtu hliðar. Það var Mótanefnd sem fleirum mikið ánægjuefni að þáttökubeiðnir bárust frá Austfjörðum í fyrsta sinn í Íslandsmót, og gróska körfuknattleiksins um land allt gefur góð fyrirheit um enn frekari og betri þáttöku félaga í næstu Íslandsmótum.

Pótt Mótanefnd hafi haft yfirumsjón með framkvæmd Íslandsmótsins komu þar við sögu að sjálfsögðu fleiri aðilar. Starfsmenn leikja, Dómaranefnd K.K.Í., forráðamenn keppnisstaða, stjórn K.K.Í. og framkvæmdastjóri þess.

Mótanefnd vill þakka öllum þessum aðilum fyrir mjög gott samstarf.

Reykjavík,

f.h. Mótanefndar,

Gunnar Gunnarsson.

#### Skýrsla Laga- og leikreglnanefndar:

Þessi nefnd hefur svo til eingöngu fylgt eftir 2 málum í vetur, þ.e. útgáfu Leikreglnanna og að koma á fót dómaranámskeiði.

Um leikreglurnar er það að segja, að ég kom þýðingunni þangað sem þess purfti, og fylgdist síðan náið með prófarkalestri og breytti jafnvel nokkru sjálfur, auk þess sem ég valdi myndirnar í bókina og bætti við þeim myndum sem vantaði í leikreglurnar næst á undan. Gekk prófarkalesturinn mjög vel, en síðasti spölurinn, þ.e. eftir priðjs og síðasta prófarkalestur gekk fáráðanlega seint fyrir sig, og var íþróttafulltrúi ríkisins ýmsar furðulegar afsakanir á borð. Um þetta ætla ég ekki að fjölyrða meir, því út komust þessar langþráðu reglur að lokum.

Dómaranámskeið var halddið í lok apríl, og var það vonum síðar. Var þar um að kenna drættinum á útkomu Leikreglnanna, og einnig var hinkrað við, svo menn hefðu tíma til að afla sér bókarinnar og lesa hana. Með viku fyrirvara var svo flestum fyrirliðum og þjálfurum 1. deildar liðanna tilkynnt um námskeiðið á fundi

stjórnar K.K.I. eftir pásku. Í þá sem ekki voru á þessum fundi hringdi ég, og tilkynnti þetta, þ.e. til Suðurnesja, Grindavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar og Seltjarnarness. Geta má þess hér í leiðinni, að aðeins þrír aðilar sáu ástæðu til þess að senda þáttökutilkynningu vegna námskeiðsins, þótt beiðni um slikt hefði verið send til hvers einasta félags á landinu. Námskeiðið sjálft drögst um einn dag vegna úrslitaleiks í Íslandsmóti, og var það tilkynnt til allra viðkomandi aðila. Námskeiðið var haldið fimmtdaginn 25. apríl í skólahusnæði Dvergs í Hafnarfirði, og hafði Kristbjörn Albertsson allan veg og vanda að uppfræðslunni og prófinu sem stóð yfir þetta kvöld frá kl. 19 til 01. Á hann heiður skilið fyrir framlag sitt.

Það vill nú verða svo að þegar maður hefur eytt einhverjum tíma í undirbúning verks, hvað sem það nú er, þá vill maður gjarnan uppskera eins og maður sáir. Uppskeran þetta kvöld var vægast sagt rýr, aðeins 7 ungir menn, flestir úr Hafnarfirði, sem allir luku prófi með sóma. Varð ég fyrir geysilegum vonbrigðum með þáttökuna, eða kánnske ennþá meira undrandi, en fjölmargir aðrir aðilar þóttust fyrirfram hafa mikinn áhuga á námskeiðinu.

Annað hefur nefndin ekki haft fyrir stafni, utan að svare nokkrum hringingum utan af landi um túlkunaratriði í reglunum.

Raunar er verksvið nefndarinnar dálitið óljóst, en það skiptir ekki þó höfuðmáli. Ef slikar nefndir geta orðið stjórn sinna að einhverju gagni þá er það vel, og höfuðatriðið er að róðurinn er léttari eftir því sem fleiri taka í árarnar.

Ég er ekki í neinum vafa um það að höfuðástæðan fyrir velgengni körfuknattleiksins í vetur og allra móttanna er að þakka því hve óvenju margir hafa lagt hönd á plógin, ásamt mjög góðri skipulagningu að ofan.

Með kveðju,  
f.h. Laga- og leikreglnanefndar,  
Steinn Sveinsson.

### Skýrsla Landsliðsnefndar:

Mér var falið af stjórn K.K.Í. að velja þau lið sem kepptu fyrir hönd K.K.Í. á s.l. vetrí. Var þetta ákveðið á fundi stjórnar K.K.Í. fljótlega eftir s.l. Ársþing. Var ákveðið að ég skyldi bera val mitt á liði K.K.Í. upp við stjórnina hverju sinni.

Um eftirtalin verkefni hefur verið að ræða fyrir Landslið síðan pessi skipan mála var ákveðin:

1. Velja lið til keppni við Luther College.
2. Velja lið til keppni á Polar Cup fyrir Íslands hönd.
3. Velja lið til keppni í Sendiherrabikarkeppninni.

Það er mikill óbyrgðarhluti hjá einum manni að velja lið sem á að keppa fyrir Íslands hönd á erlendum vettvangi.

Pví hafði ég þann háttinn á, að bera saman ráð míni við þjálfara liðsins Einar Bollason hverju sinni. Eg tel það mikilvægt að samráð sé haft við þjálfara liðsins þegar það er valið, ekki hvað síst með tilliti til þess hvæð hann hyggst fyrir viðvíkjandi leikaðferðum liðsins.

Aðalverkefni landsliðsins var Norðurlandamótið (Pólar Cup) en það fór frám í Finnlandi í lok janúar. Til keppni þar fyrir hönd Íslands voru valdir eftirtaldir leikmenn:

Kolbeinn Pálsson	K.R. fyrirliði
Kristinn Jörundsson	Í.R. aðst. fyrirliði
Kolbeinn Kristinsson	Í.R.
Jón Sigurðsson	Armanni
Pórir Magnússon	Val
Jóhannes Magnússon	Val
Agnar Friðriksson	Í.R.
Gunnar Þorvarðarson	U.M.F.N.
Birgir Guðbjörnsson	K.R.
Bjarni Gunnar Sveinsson	Í.S.
Torfi Magnússon	Val
Þorsteinn Hallgrímsson	S.I.S.U.

Stuttu eftir heimkomuna voru valdir milli 25 og 30 leikmenn til æfinga, og flestir þeirra léku með liðinu í Sendiherrakeppninni.

Ég vil þakka öllum þeim aðilum sem ég heft haft samvinnu við bæði leikmönnum, þjálfara og stjórn K.K.Í. fyrir gott samstarf.

Gylfi Kristjánsson.

#### Skýrsla Dómaranefndar:

Dómaranefnd K.K.Í. tók til starfa haustið 1973. Í nefndina voru tilnefndir Kristbjörn Albertsson og Jón Otti Ólafsson.

Einhvers misskilnings gætti um verksvið nefndarinnar, og stóðu menn í þeirri trú að þeir ættu aðeins að skipa og raða niður dómurum á 1. deild, en stjórnmálmenn K.K.Í. álitu að nefndin ætti að sjá um dómará í 1. 11. og 111. deild, og jafnvæl aðra starfsmenn. Endirinn varð sá, að nefndarmenn sáu um eins og þeir gátu, dómará á 1. 11. og 111. deild, en viðkomandi umsjónarfélög sáu um aðra starfsmenn.

Um 1. deildina er það að segja, að udanskildum tveimur eða þremur leikjum allt mótið voru ávallt mættir tveir dómarar, og það tímanlega. Verður að segja að það er mikill munur frá því sem oftast hefur verið. Með skipulagi og áhuga, já og síðast en ekki síst skilningi manna á þeirri þörf að þessi mál burfi að vera í lagi, var starf þetta virkilega ánægjulegt.

Um 2. og 3. deild er það að segja, að allt var gert sem hægt var til að mótin færur vel fram eftir að áðurnefndur misskilningur hafði verið leiðréttur, en þá höfðu nokkur vandræði skapast út af dómurum t.d. kærur o.fl.

Var nú raðað niður dómurum á þá leiki sem háðir voru í R.vík og nágrenni, og á Akureyri sá Hörður Túlinius um alla leiki. Reynt var svo að bjarga dómurum fyrir leiki sem fóru fram annarsstaðar eftir óskum framkvæmdaraðila þar og gekk það upp og niður. Verður að segja að öll þessi framkvæmd hafi gengið vel miðað við aðstæður. Í sambandi við 1. deild kvenna var reynt að gera það sem hægt var, en framkvæmdin á þessu móti var nokkuð losaraleg og gekk þess vegna nokkuð illa. En þá leiki sem fram fóru á Akureyri sá Íþróttafél. Þór um að öllu leyti.

Auk þess sá nefndin um nokkra úrslitaleiki.

Luther heimsókn:

Nefndin fékk það hlutverk að sjá um dómarar og aðra starfsmenn á alla leiki sem fram fóru, að undanskildum tveim leikjum sem fóru fram á Keflavíkurflugvelli. Gekk allt mjög vel, varð ekki misbrestur á neinu.

Sendiherrabikarinn:

Nefndin var falið að útvega einn dómara á móti einum Bændaríkjemannni á alla leikina, og gekk það mjög vel.

Eftirmáli:

Eins og sést á þessari skýrslu má segja að framkvæmd dómaramála hafi gengið nokkuð vel, ella vega miðar allt í rétta átt. Auðvitað komu stundum upp einhver vandræði, og ekki voru alltaf allir ánægðir með niðurröðun dómaranna, og töluluðu um að þessi eða hinn væri ekki nógur hafur og jafnvel var talð um að sumir dómararnir væru hlutdrægir. En við erum vissir um að þegar þeir sem voru með slikein athugasemdir fóru að hugsa málið, þá hafi þeir séð óréttlætið í orðum sínum.

Það er staðreynd, að eitthvað þarf að gera til að skapa meiri aga meðal leikmanna gagnvart dómurum, og er ýmsu til að dreifa í þeim efnum. Skapa þarf meiri einingu meðal dómaranna sjálfrar og samræma betur þeirra störf. Því miður eru allt of margir dómaranna sjélfir leikmann hinna ýmsu liða, og meðan svo er, er þetta ekki hægt nema að nokkru leiti.

2. Leggja þarf áherzlu á það að þjálfarar hinna ýmsu liða, allt frá hinum yngstu til hinna elstu, að þeir skýri hlutverk dómarans og ýtti undir kurteysi og virðingu fyrir honum.

3. Skapa þarf dómurum grundvöll, sem myndi auka virðingu, og ýta undir betri framkomu leikmannanna, eins og t.d. ef dómarar gæfu eftir hvern leik leikmönnum einkunnir fyrir, 1. vörn, 2. sókn, 3. prúðmennsku. Pessar einkunnir yrðu svo notaðar

eftir Íslandsmótið til að velja (the most valuable player) eða fjölhæfasti leikmaðurinn. Þetta viljum við leggja fyrir næstu Dómarsnefnd til úrvinnslu. Að endingu viljum við þakka þeim fjölmörgu dómurum sem ólltaf voru reiðubúnir til starfa.

Kristbjörn Albertsson,  
Jón Otti Ólafsson.

#### Skýrsla Kvennanefndar:

I vetur hafa verið haldnar landsliðsæfingar í kvennakörfubolta fyrir jól 1 tími í vikur í K.R. húsinu, og eftir jól 2 tímar á viku í Breiðholtsskóla undir stjórn Einars Ólafssonar.

Öllum félögunum var tilkynnt um þessar æfingar, en þau félög sem höfðu áhuga og sendu stúlkur til æfinga voru I.R., K.R. og I.S. Áhugi hjá stúlkunum hefur mikið aukist s.l. vetur. Óska stúlkurnar eftir að fá að æfa í sumar.

Kvennanefnd leggur til, að stefnt verði að því að senda stúlkurnar til Skotlands næsta vetur. Hefur okkur boðist að spila þær nokkra leiki.

Virðingarfyllst,  
Einar Ólafsson  
Guðrún Ólafsdóttir  
Guttormur Ólafsson

#### Skýrsla Framkvæmdarstjóra:

Undirritaður var í haust skipaður Framkvæmdastjóri K.K.Í. og er það í fyrsta skipti sem Körfuknattleikssambandið hefur mann á launum við daglegan rekstur sambandsins.

Verksviðið skyldi vera: 1. Að hafa fasta viðtalstíma, þar sem allir gátu leitað upplýsinga og fyrirgreiðslu. 2. Að annast innlendar og erlendar bréfaskriftir K.K.Í. 3. Að vera nefndum K.K.Í. til aðstoðar við störf þeirra, t.d. að annast bréfaskriftir nefndanns o.fl.

Mikill hluti starfsins fór í bréfskrifttirnar. Bæði á vegum hinna ýmsu nefndar, svo og stjórnarinnar. Viðtalstímana ( sem vou simatímar ) notfærður utanbæjarfélögin sér talsvert t.d. félögin af Austfjörðum sem voru sum hver í nær stöðugu sambandi við undirritaðan allan veturinn vegna ýmissa mála. Hitt verður að koma fram, að mörg félög sem ég leitaði til í haust og bað um að tilnefna aðila sem ég gæti haft sem millilið milli K.K.Í. og viðkomandi félags - létu ekki einu sinni svo lítið að svara bréfi mínu. Gekk því oft á ýmsu þegar þurfti að ná til þessa félaga.

Flestar nefndirnar sem störfuðu í vetur notfærðu sér að geta látið skrifa út bréf fyrir sig o.fl. og er það vel. Átii ég t.d. mjög ánægjulegt samstarf við Gunnar Gunnarsson, form. Mótanefndar, og þakka honum svo og öllum öðrum sem ég átti samstarf við fyrir samstarfið.

Gylfi Kristjánsson.

#### Skýrsla Útbreiðslunefndar:

Fréfarandi Útbreiðslunefnd K.K.Í. tók til starfa seint á árinu 1973.

Hlutverk þeirrar nefndar er ýmiss konar útbreiðslustarfsemi, s.s. með útgáfu á fræðslu og fréttablaði sem sent væri til skóla, íþróttafélaga, og hinna ýmsu hérjaðssambanda landsins, og reyna að fá þannig, "kontakt"menn í hverju héraði sem gætu stuðlað að enn betri útbreiðslu körfuknattleiksins í samráði við Útbreiðslunefnd K.K.Í.

Þar sem verulega var liðið á árið þegar nefndin hóf störf, var þegar ljóst, að ekki væri hægt að gera allt í einu, svo að nefndin ákvað að taka tvö atriði fyrir, sem svo mjög eru mikilvæg fyrir útbreiðslu körfuknattleiksins þ.e.:

1. Skólamót.
2. Tækniemerki K.K.Í.

Send voru kynningarrit um þessi tvö atriði, þar sem tækniemerkið var rækilega kynnt og útskýrt og reglur þær sem um töku þess gilda og éinnig var skólamót nefnt þar. En því miður voru

undirtektir ekki nógu góðar, og áhugi á skólamóti virtist ekki mikill, enda e.t.v. á óheppilegum tíma sem bréfið barst, en um árangur af tæknimerkinu veit maður lítið enn, þar sem það tekur nokkurn tíma fyrir leiðbeinendur að kynna "tæknimerkið", og árangur af því fer vonandi strax að koma í ljós næsta vetur.

Útbreiðslunefnd mun ná árangri í þessum málum á komandi starfsári auk annara verkefna sem nefndin ætlar að beita sér fyrir t.d. í sambandi við útbegun á þjálfurum sem er mjög aðkallandi verkefni sérstaklega úti á landsbyggðinni auk þess sem nefndin mun beita sér fyrir útgáfu á fjöldituðu fréttablaði.

Megi Útbreiðslunefnd endast aldur, mun hún kappkosta ða koma því í framkvæmd sem hér að framan hefur verið talið, og teljum við að það séu hin mestu nauðsynjamál, og við vitum að menn eru sammála um það.

f.h. Útbreiðslunefndar K.K.Í.

Erlingur Karlsson, form.

Rúnar Sigurðsson.

#### Skýrsla Unglingalandsliðsnefndar:

Í unglinganeftnd K.K.Í. eru Kristinn Stefánsson, Gunnar Gunnarsson og Einar Bollason.

Starf nefndarinnar hefur aðallega verið að annast æfingar hóps unglinga, sem unglingalandslið verður síðar valið úr. Æfingar hófust í janúar 1974 og voru vikulega til loka apríl.

Alls mættu á þessar æfingar 26 piltar, 8 úr Fram, 7 úr Ármanni, 3 úr Val, 3 úr F.R., 2 úr UBK, 1 úr Gróttu, 1 úr ÍK og 1 úr KR. Segja má að af þessum piltum hafi 18 þeirra æft reglulega. Tveir leikir voru leiknir við High School á Keflavíkurflugvelli, sem báðir unnust örugglega. Þá fór fram prekmæling, sem sýndi heldur dapurlega útkomu, og sannar það, að prek- og úthaldsæfingar þessa aldursflokks eru yfirleitt engar hjá félögunum.

Markmið þessara æfinga er Norðurlandamót unglinga í janúar 1975. Eftir það ná þó ekki láta staðar numið, heldur halda hópinn og mynda nokkurs konar eldra unglingalandslið t.d.

yngri en 23 ára. Jafnframt þarf að byrja með nýtt unglingalandslið, og sjá síðan þessum liðum fyrir nægum verkefnum. Það ætti ekki að verða verulegt vandamál, ef allir leggjast á eitt, og víst er að ekki skortir áhugann hjá piltunum.

Menn virðast seint ætla að gera sér ljósa hina raunveru þýðingu yngri flokka innan körfuknattleiksins. Mjög áberandi er, að piltar í 2. flokki kunni ekki helstu undirstöðuatriði, þó vissulega séu þar þó nokkrar undantekningar. Skýringin gæti verið sú, að í allt of stuttum og fáum æfingatínum sé meira hugsað um næsta leik (sem e.t.v. er fjórðungur af verkefnum vetrarins) en minna hugsað um framtíðargetuna. Á þessu þarf að verða breytting hið snarasta, og þegar valið er unglingalandslið á það einkum að vera til samæfinga. Þegar því hefur verið náð líður ekki á löngu þer til við höfum eignast sterkt unglingalandslið, sem getur unnið íslenskum körfuknattleik ómetanlegt gagn.

Kristinn Stefánsson.

#### Skýrsla Minni-bolta nefndar:

Í nefndinni sitja Bogi Þorsteinsson, Kolbeinn Pálsson, Guðni Kjartansson og Jóhannes Edwaldsson.

Þau verkefni, sem nefndin setti á oddinn, var að halda Minni-bolta móti og kanna á hvern hátt hægt væri að útbreiða íþróttina á sem fljótvirkasta hátt.

Íslandsmótið var síðan haldið dagana 6. og 7. apríl og úrslitakeppni fór fram 10. og 11. apríl. Pátttaka var mjög góð, eða 20 lið alls, 16 í eldri flokki og 4 úr þeim yngri. Þann 6. og 7. apríl var undankeppni milli liðanna úr Reykjavík og Kópavogi, en þau voru 10, um hvaða fjögur lið komust á Minni-bolta hátiðina, sem fram fór 10. og 11. apríl.

Hátiðin var njög ánæggjuleg fyrir okkar, sem um hana sáu. Keppnisstaðurinn var Íþróttahúsið í Njarðvíkum og var gist í skólahúsnaði við íþróttahúsið. Liðin áttu kost á að borða á keffiteríunni á Keflavíkurflugvelli og notuðu flest þeirra sér það. Auk þess fengum við afnot af æskulýðsheimilinu í Njarðvíkum, þar sem fram fór kvöldvaka þann 10. apríl. Í úrslitakeppninni

tóku þátt Fram, K.R., Ármann, Breiðablik, U.M.F.N., Skallagrímur, Hörður og Í.K. í eldri flokki, en í yngri K.R., Breiðablik, Borgarnes og U.M.F.N. Leikið var um two bikara gefna af Sigurði M. Helgasyni og K.K.Í. og hlaut það liðið sem sigraði í eldri deild annann, en prúðasta liðið hlaut hinn. K.R. hreppti báða bikarana, í eldri flokki fyrir að sigra, en í yngri flokki fyrir prúðustu frákomuna, og má nefná, að í einum leiknum gerði liðið enga villu allan leikinn. Breiðablik sigraði aftur á móti í yngri flokknum. Þess má geta, að allir þátttakendur eiga eftir að fá skjöl fyrir þátttöku sína.

Öll aðstaða í Njarðvíkum var mjög góð og allir þeir aðilar, sem leitað var til, tóku mjög vel öllum málaleitum okkar. Hver þátttakandi og starfsmaður fékk áritaðan penna að gjöf frá Njarðvíkurhreppi. Hafi þeir allir mikla þökk fyrir.

Ýmsar hugmyndur eru um aðferðir til aukinnar útbreiðslu og nefndin hefur þar þrífð fyrir sér, einkum í sambandi við samstarf við skóla og mun nefndin skýra það nánar fyrir næstu mönnum, sem í henni sitja.

Nefndin '74.

#### Eftirmáli:

Stjórnin vill að lokum flytja öllum þeim, sem hafa unnið að málafnum körfuknattleiksins á liðnu starfsári þakkir sínar. Margar hendur vinna verkið létt, eins og glögglega hefur komið í ljós í starfi okkar s.l. ár. Körfuknattleikurinn er í greini-legri sókn um allt land, og starfið er orðið mikið. S.l. ár var uppgangsár fyrir körfuknattleik á Íslandi, bæði hvað snertir útbreiðslu og áhuga, og nú þarf að fylgja þeirri þróun eftir með markvissu og skipulögðu starfi. Ef menn í nánustu framtíð bregðast jafn vel við til að koma og starfa og verið hefur, er engin ástæða til annars en bjartsýni. Sú þróun sem á sér nú stað viðsvegar í Evrópu, þ.e. að körfuknattleikurinn sé að slá út íþróttir eins og t.d. handknattleik og knattspyrnu hvað við kemur áhorfendafjölda, er að vísu ekki komin hingað til lands enn, en þegar sú stund kemur þá má enginn láta sinn hlut eftir liggja.

Stjórnin vill koma á framfæri sérstökum þökkum til Boga Þorsteinssonar fyrrv. formanns K.K.Í. en hann tók það að sér að vera fulltrúi K.K.Í. á Alþjóðspingi körfuknattleiksmanna sem fram fór í Líbanon í síðasta mánuði. - Denis Goodman hefur unnið mikið og gott starf fyrir okkur á ýmsum sviðum og fjölmargir fleiri.

Mörg verkefni liggja fyrir næstu stjórn. Má í því sambandi benda á áætlun Landsliðsins, fyrirhuguð verkefni Unglingalandsliðsins, útbreiðslu Minni-boltans og svo mætti áfram telja. Allir hljóta að sjá nauðsyn þess að öllum þessum málum verði unnið að festu og einingu, og þeir hinir sömu skilja væntanlega mikilvægi þess að sem flestir leggji hönd á plöginn.

Körfuknattleiksmenn.

Tökum höndum saman, eflum körfuknattleikinn á Íslandi.

Með íþróttakveðju.

Stjórn K.K.Í.

Bogi Þorsteinsson:

Skýrsla til stjórnar K.K.I., um ferð á Conferénce Permanente des Délégués des Fédérations Nationales de Basketball de l'Europe et du Bassin de la Méditerranée, Beyrouth, Liban, 16.-19. maí 1974.

Ferðin var skipulögð af ferðaskrifst. Útsýn. Við brottför frá Keflavík að morgni 16. maí kom í ljós að framhaldsflug frá London til Beirut, féll niður vegna verkfalls flugáhafna BOAC. Varð skrifstofa Loftleiða því að gefa út nýjan farseðil með BEA frá London til Rómar og síðan með ALITALIA frá Róm til Beirut.

Ferðin frá Keflavík um London til Rómar gekk tíðindaleust. Lent var á Leonardo da Vinci-Fiumciovflugvelli við Róm um kl. 15.30 að staðartíma.

Er ég hafði samband við ALITALIA, var mér sagt að fluginu til Beirut væri frestað til næsta morguns vegna loftárása Israela á Beirut.

Eftir að hafa síðan gengið frá Herodusi til Pilatusar, þá tókst mér um síðir að hitta á rétta aðila hjá ALITALIA, sem veittu mér hina beztu fyrriegreiðslu. Fékk ég ávisun á Hotel Stalite Palace á baðströndinni Lido, skammt frá Róm. Reyndist viðurgjörningur þar allur fyrsta flokks, nema hvað bjórinn kostæði 500 lírur, eða rúmlega einn banderíkjadal.

Kl. 02.30 var ég vakinn og sagt að bílinn á flugvöllinn færí kl. 03.30. Eftir mjög nákvæma leit á fólk og farangri á flugvellinum, var síðan lagt upp frá Róm kl. 05.00 og lent í Beirut eftir þriggja stundar flug. Þar sem tveggja tíma munur er á klukku í Róm og Beirut, þá var klukkan orðin 10 að staðartíma þegar lent var.

Þar sem ég hafði boðað komu mína til Beirut daginn áður, þá var enginn til að taka á móti mér á flugvellinum. Mér tókst hins vegar fljótlega að fá 15 daga vegabrefsáritun fyrir LL5.00 og tók ég síðan leigbíl á Hotel Holiday Inn, þar sem fulltrúar bjuggu og ráðstefnan var haldin.

Er á hótelið kom, hitti ég strax fulltrúa FIBA, sem tók mér af mikilli vinsemd.

Morgunfundur FIBA stóð þá yfir og stóð það á endum, að er ég hafði komið mér fyrir á herberginu og skolað af mér ferðarykið, að gefið var matarhlé á þinginu.

Hitti ég þá þegar ýmsa fulltrúa, sem ég hafði kynnst áður, svo sem Ali Strunke frá Svíþjóð, Storm frá Hollandi, Johnston frá Skotlandi o.sv.frv.

Pingið:

Féhirðir FIBA, hr. Hans-Joachim Otto frá DDR, kom fljótlega á minn fund og tilkynnti mér, að Ísland væri orðið réttindalaust vegna vanskila. Ísland hefði ekki greitt skatt til FIBA síðan 1969 og væri skuldin í DM 2.252.00 - Ég tjáði honum að mér hefði verið algjörlega ókunnugt um þetta og teldi að núverandi stjórn K.K.Í. mundi einnig vera ófróð um málið. Lofaði ég að taka þetta strax upp við K.K.Í., er ég kæmi heim. Hr. Otto tók bessu af skilningi og í ræðu sinni um fjárhag FIBA, gat hann þess að vísu að Ísland væri eina Evrópubjóðin, sem stæði í vanskilum. Hins vegar bætti hann við. Hingað er kominn "our friend from Iceland", sem hefur lofað að kippa þessu í lag. Að þinginu loknu kom hr. Otto til míð og sagði að Ísland gæti greitt skuldina í 2-3 áföngum. Hins vegar verður K.K.Í. að vera skuldraust áður en þátttaka í B-móti hefst, (sja' skýrslu um landsl.).

Ég sat síðan fundi þingsins og gekk afgreiðsla mála yfirleitt greiðlega og án mikils málþófs. Þess má geta að fulltrúar voru 70 frá 49 þjóðum.

Meðal helztu tíðinda má geta þess, að hr. Saporta, formaður Commission pour l'Organisation Internationale, kvaddi sér hljóðs og sagðist vera nýkominn frá Peking. Hefði sér verið falið að flytja ráðstefnunni kveðjur 80 milljóna kínverskra körfuknattleiksmanna, ásamt bréfi til aðalritara FIBA, mr. Jones. Hefði sér verið falið að afhenda bréfið í votta viðurvist á þingfundinum. Tók Jónes við bréfinu og las það upphátt fyrir þingheim. Þar sækir körfuknattleikssamband kínverska alþýðulýðveldisins um endurupp-töku í FIBA, en þó með því skilyrði, að kínverska héraðið Taiwan, verði swift umboði, sem körfuknattleikssamband lýðveldisins Kína.

Mál þetta verður afgreitt á heimsþingi FIBA í sambandi við heimsmeistarakeppnina á Puerto Rico í sumar.

Í sambandi við þátttöku á úrtökumóti OL í Edinborg, þá verða eyðublöð fyrir staðfestingu á þátt. send samböndunum fljótlega.

Pátttöku í B-móti þarf að staðfesta fyrir 9 des. Upplýsingar um fyrirkomulag keppninnar og kostnað, munu berast samböndunum fljótlega. Í B-mótinu eru 20 lið og keppt verður í tveim riðlum. Dregið verður í riðla á fundi frækvæmdastjórnar FIBA í München 9. des.

Kædettakeppnin verður háð 1977 í Lebanon og juniora keppni kvenna í Búlgáriu. EM A-grúppa karla, fer fram í Belgíu, en þá verður belgiska sambandið 50 ára.

EM B-grúppa, þar voru umsækjendur Svíþjóð/Finnland og Portugal. Voru ýmsir andvígir, að fela tveim þjóðum framkvæmd mótsins og þvæla keppendum langar leiðir milli keppnisstaða. Ákvörðun verður tekin í Algiers á næsta fundi FIBA 18.-21. júní 1976.

Arið 1977 verður klinik í Englaði fyrir starfandi dómara, vegna væntanlegra breytinga á reglunum í sambandi við World Congress á OL í Canada.

Allmiklar umræður urðu um áhugamannareglur. Var upplýst, að mikill hluti körfuknattleiksmanna í Evrópu, þ.á.m. á Norðurlöndum væru orðnir hreinir atvinnumenn, ef miðað væri við gildandi áhugamannareglur.

Mr. Jónes taldi að IOC væri að endurskóða reglu 26 og mundi greiðsla fyrir vinnutep, óþægindi vegna æfinga svo og vasapeningar verða leyfðir. Hins vegar bæri að sporna gegn hreinni atvinnumennsku eins og hún er í Bandaríkjum. Þar væri reynslan sú, að skólarnir væru notaðir sem útungunarstöðvar fyrir atvinnuliðin, en hinn frjálsi körfuknattleikur væri dauður, sem sagt iðkendafjöldi, að námi loknu, væri nánast anginn.

Í einkaviðræðum tjáðu fulltrúar Svíþjóðar, Finnlands og Vestur-Pýzkalands mér, að aðsókn að körfuknattleik færi stöðugt vaxandi. T.d. í Svíþjóð væri karfæn orðin vinsælli en handknattleikur og í V-Pýzkalandi væri aðsókn að þessum tveim íþróttagreinum sviðuð.

Ekki er hægt að ljúka þessari frá-sögn án þess að geta hinnar frábæru gestrisni, er Körfuknattleikssamband Libanon sýndi okkur fulltúnum.

A laugardagskvöldið þann 18., var okkur boðið í kvöldverð í Casino de Liban. Ær það frægasti næturklúbbur í austurlöndum nær, svo og frægt spilavíti. Snætt var við langborð alveg upp við leiksviðið og síðan horft á tveggja stunda "show", sem er

það stórkostlegasta, sem ég hefi séð nokkurs staðar í heiminum til þessa.

Að lokum var gestum heimilæð að skoða spilavitið, en ekki ér mér kunnugt að neinir okkar hafi tekið þátt í fjárhættuspili, enda upphæðir að m.k. fullháar fyrir íslenzkan gjaldeyri.

Á sunnudagsmorgunn kl. 08.00 var lagt af stað í tveim langferðabílum í skoðunarferð. Fyrst voru skoðaðir frægir dropasteinhellar, sem ná margu kílómetra undir yfirborð jarðar. Síðan var haldið til Baalbeck og þar skoðaðar frægar hofrústir. Baalbeck á sér um 4000 ára sögu og þar stóð musteri Baals, sem við þekkjum úr Gamla-Testamentinu. Fulltrúi Grikklands, sem var með okkur í hópnum, taldi að í Grikklandi væru engar fornminjar jafn vel varðveittar og hin ýmsu hof í Baalbeck.

Á meðan við skoðuðum hofin í Baalbeck voru gefin loftvarnamerki. Voru það ísraelskar flugvélar sem flugu yfir á leið til Beirut. Á meðan ég var í Beirut skeði það hvað eftir annað, að flugvélar ísraelmanna rufu hljóðmúrinn yfir borginni. Var það einna líkast því að sprengjur væru að falla í næsta nágrenni. Byggingar hrystust eins og í jarðskjálfta og fylgdi því hljóð likt og við sprengingu eða þrumuhljóð.

Að þingi loknu á sunnudagskvöld héldu gestgjafar fulltrúunum mikla matarveizlu úti við sundlaug hótelssins. Var þar etið og drukkið við tunglskin og kertaljós. Ræður voru engar fluttar, en gestir allir leystir út með gjöfum. Semsagt ánægjulegur endir á góðri ráðstefnu.

Samningar um landsleiki, með tilliti til áætlunar stjórnar K.K.Í., gerðir í Beirut af Boga Þorsteinssyni 17.-19. maí 1974.

Unglingalið-kadettar:

Ekki tókst að útvega æfingaleiki á árinu 1974.

Danir töldu möguleika á að taka á móti íslenzku unglingsliði eftir 10. ágúst 1975.

Fulltrúi Englands, Mr. Barnett benti á möguleika að koma á, samskiptum við körfuknattleiksdeild English School Association,

Væru þeir með fjölda sterkra skólaliða á sínum vegum. Kvaðst hann reiðubúinn að koma K.K.Í í samband við rétta aðila. Væri tilvalið að hitta fulltrúa frá þessum félagsskap í sambandi við Bretlands-eyjaferð landsliðsins og reyna að koma á framtíðarsambandi.

Evrópumeistaramót kadetta:

Evrópumeistarmót kadetta verður háð í Grikklandi í júní 1975. Pátttaka Íslands hefur verið tilkynnt. Undankeppnir verða engar. Alls hafa 27 lið tilkynnt þátttöku og samþykkti fulltrúi Grikklands að sjá um alla framkvæmd keppninnar. Dregið verður í riðla á XX. þingi FIBA í Alger í maí 1975, en keppnin mun fara fram í ýmsum borgum í Grikklandi, en úrslita leikirnir verða háðir í Áþenu.

Landslið fullorðinna:

1974:

Á tímabilinu 22. ág. til 3. sept. verður komið á keppni Íslands við Skotland, Wales og England, þennig að byrjað verði t.d. á leikjum í Glasgow og Edinborg, síðan farið til Wales og leiknir 2 leikir þar og síðan leiknir 2 leikir í Englandi, London eða nágrenni. Enska sambandið tekur að sér að skipuleggja dagskrá og raða niður leikjum. K.K.Í. verður skrifað strax og dagskráin liggur fyrir.

6. okt.:

Eitthvert hinna þriggja U.K.-liða keppir í Reykjavík, væntanlega 2 landsleiki.

3. nóv.:

Luxemburg kemur til Reykjavíkur og keppir 2 landsleiki. Þetta var talið af formanni Lux. 80% öruggt. Ef Lux. bregst, þá er von til að Holland hlaupi í skarðið. Fulltrúi Luxemburg lét í ljós áhuga á að koma á varanlegum viðskiptum við Ísland og þá jafnframt að landslið okkar keppti í Luxemburg 1975.

1975:

Þau 2 lið frá U.K., sem ekki koma til Íslands í haust, munu væntanlega óska eftir að heimsækja Ísland á árinu 1975. Samið verði um það sérstaklega síðar.

4. jan.:

Aramótakeppni í Kaupmannahöfn, Danmörk, Ísland, V-Pýzkaland og Luxemburg eða Skotland.

Væntanlega leikið í Oslo á heimleið. Fulltrúi Noregs var ekki í Beirut, svo stjórn K.K.I. verður að ganga frá þeim leik sérstaklega.

Leikið í Luxemburg, leiktími óákveðinn.

Evrópumeistaramót B-grúppa, 20 lið keppa í Vestur-Pýzkalandi frá 12. maí. Keppt í 2 riðlum og verður raðað í riðla 9. des. á fundi kappleikanefndar FIBA í München. Að mæta ekki til leiks kostar 8000 DM sekt og útilokun frá næsta EM.

1976:

1. Aramótakeppni í Danmörku með svipuðu fyrirkomulagi og 1975.
2. Polar Cup í Danmörku.

3. Undanráð OL í Edinborg í síðarihluta maimánaðar. Tilkynnti þátttöku Íslands, en alls hafa 14 lið tilkynnt þátttöku sína, þar á meðal öll sterkustu lið Evrópu, nema Rússar, en þeir fara að sjálfsögðu beint í OL.

#### Kvennalandslið:

Fulltrúar Englands og Skotlands töldu að auðvelt ætti að vera að útvega kvennalandsliði okkar verkefni, hvort heldur væri um landsleiki eða klúbbakeppnir að ræða.

#### Universityúrval:

England tekur þátt í heimsmeistarakeppni stúdenta og er sami þjálfari með landslið Englands og stúdentaúrvallið.

Barnett taldi að auðvelt ætti að vera að fá leiki við þetta lið og jafnvel að fá það í heimsókn til Íslands, þegar landsliðið skortir verkefni. Upplagt að ræða pennan möguleika við þjálfaran í Bretlandsferðinni í ágúst.

Bogi Þorsteinsson.